

# REGLUR FYRIR RALLÝ HLÝÐNI

Hundaræktarfélag Íslands

Gilda frá 1. ágúst 2023

## Efnisyfirlit

I. hluti: Almennar reglur fyrir Rallý I, II, III og Elite.....	2
Almennt um vinnupróf .....	2
Þátttakendur .....	2
Ábyrgð og skyldur þátttakenda.....	2
Hundar sem rétt hafa til þátttöku.....	3
Skráningar .....	3
Nafnakall í vinnuprófum .....	3
Dómar .....	3
II. hluti: Um Rallý próf .....	5
Flokkaskipting .....	5
Meistarastig .....	5
Titlar .....	5
Prófhringur .....	5
Brautin .....	5
Dómur í brautinni .....	6
Í prófhring .....	6
Almennar leiðbeiningar .....	7
Skref .....	8
Samhliða staða (e. frontline alignment) .....	8
Æfingar með keilu (407).....	8
Innkall.....	9
Hæð stökka .....	9
III. Kafli: Listi yfir þætti til frádráttar .....	10
Heildarframmistaða .....	12
Brottvísun.....	12
Flokkaskipting: .....	12
Hægri-stjórnun í Elite.....	13
Viðauki: Skiltin í Rallý-hlýðni .....	15

# I. hluti: Almennar reglur fyrir Rallý I, II, III og Elite

## Almennt um vinnupróf

Vinnuhundadeild Hundaræktarfélags Íslands heldur viðurkennd vinnupróf. Ræktunardeildir og svæðafélög geta sótt um að halda vinnupróf í samvinnu við Vinnuhundadeild. Sækja skal um að halda vinnupróf fyrir næsta starfsár til Vinnuhundadeildar fyrir 15. október ár hvert. Tilgreina skal dagsetningu prófs, dómara og prófstjóra. Vinnuhundadeild skal skila áætlun til stjórnar HRFÍ um fjölda og áætlaðar dagsetningar vinnuprófa fyrir næsta starfsár fyrir 1. desember ár hvert. Prófstjóri ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd prófsins, ásamt því að skila gögnum sem tilheyra hverju prófi sem hann er ábyrgur fyrir. Gögnum skal skila til skrifstofu HRFÍ eða til Vinnuhundadeildar innan 3ja virkra daga frá prófdegi.

## Þátttakendur

Allir geta skráð hund til þátttöku í vinnuprófum, nema þeir sem hafa verið sviptir þátttökurétti af HRFÍ eða erlendu hundaræktarfélagi viðurkenndu af FCI. Hafi einstaklingur verið sviptur þátttökurétti, má hann heldur ekki leiða hund til dóms eða vinna við undirbúning eða framkvæmd prófa. Stjórnandi með umboð frá eiganda getur skráð hund í próf. Svæðið sem prófið fer fram á þarf að vera aðgengilegt hreyfihömluðum þátttakendum svo fremi sem hægt er. Ef þátttakendur eru fleiri en einn dómari getur dæmt má skipta þátttakendum á milli fleiri dómara.

## Ábyrgð og skyldur þátttakenda

Þátttakendum ber að hafa eftirlit með hundum sínum, einnig þeim hundum sem vistaðir eru á hans vegum í búrum, bifreiðum, vistarverum eða annars staðar í nálægð prófsvæðis. Ábyrgð felur einnig í sér að fjarlægja úrgang hunds af prófsvæði og þ.m.t. á bílastæði. Einnig ber þátttakandi ábyrgð á hugsanlegum skaða sem hundur getur valdið í prófi. Nákomnir ættingjar og sambýlisfólk dómara skulu ekki taka þátt í prófi sem dómari starfar í. Dómur hefst í fyrsta lagi á auglýstum tíma. Þátttakendur bera sjálfir ábyrgð á að mæta tímalega við réttan prófstað. Prófi gæti þó seinkað eða verið flýtt vegna ófyrirsjáanlegra orsaka og fær þátttakandi þau skilaboð eins fljótt og auðið er.

Á meðan á dómi stendur er bannað að:

- reyna að eyðileggja fyrir hundum annarra þátttakenda,
- reyna að hafa áhrif á hund með aðstoð einhvers utanaðkomandi aðila.

Velferð hunds skal hafa forgang í öllum prófum og virða skal lög um dýravelferð. Harðar refsingar og notkun á gaddakeðjum eru ekki leyfileg.

Hundi sem sýnir óæskilega hegðun, árásargirni eða er ógnandi gagnvart öðrum hundum eða fólki, má vísa af svæðinu af dómara. Mál sem koma upp meðal þátttakenda eru dómurum óviðkomandi.

Klæðnaður þátttakanda eða annað sem á sýnilegan hátt auglýsir ræktunarnafn eru ekki leyfilegur í prófi. Ekki er leyfilegt að nota verðlaunabita, leikföng, klikker, flautur eða önnur hjálpartæki í vinnuprófum og getur slíkt leitt til brottvísunar. Þjálfun eða æfingar á merktu prófsvæði er ekki leyfileg, ítrekuð tilmæli leiða til brottvísunar af svæðinu.

Þátttakendum er skylt að sýna þrúðmennsku í vinnuprófum. Það er ekki leyfilegt í neinum opinberum umræðum að ásaka eða opinskátt gagnrýna mat dómans. Brot á fyrrnefndum reglum, ódregileg

hegðun sem veldur öðrum óþægindum, getur leitt til þess að athæfið verði tilkynnt til HRFÍ og getur haft í för með sér ógildingu á einkunnum og/eða rétti til að taka þátt í prófum.

Dómari má einungis taka þátt með hund í prófi sem hann, nánasta fjölskylda eða makar eiga, eiga hlut í eða hafa ræktað. Samkvæmt FCI reglum er dómara ekki leyfilegt að skrá hund í próf þar sem hann dæmir. Dómari má ekki dæma hund sem hann hefur átt, verið meðeigandi í, selt eða haft í vörslu síðustu 6 mánuði. Aðrir starfsmenn mega skrá hund í próf og skulu hafa samráð við prófstjóra. Við stjórnun á hundi í vinnuprófi er bannað að bera sýnileg merki um að viðkomandi sé starfsmaður.

### Hundar sem rétt hafa til þátttöku

Vinnupróf eru opin öllum hundum 9 mánaða og eldri með þeim skilyrðum og undantekningum sem eru tiltekin í þessum reglum. Veita má undanþágu fyrir hunda sem verða 9 mánaða í þeim mánuði sem prófin eru haldin. Hundur skal vera bólusetur gegn þeim sjúkdómum sem við á hverju sinni og stjórnandi þarf að geta sýnt fram á að svo sé.

Aðeins þeir hundar sem eru skráðir til þátttöku eru leyfðir á prófsvæðinu. Ekki er heimilt að mæta með hund ef hann er veikur, veiklulegur eða árásargjarn. Tík á lóðaríi, tík sem er gengin meira en 5 vikur á meðgöngu eða er með hvolpa yngri en 8 vikna er óheimil þátttaka í prófi. Allir hundar sem skráðir eru í próf skulu vera örmerktir. Starfsfólki í prófi er heimilt að lesa örmerki hunda á prófstað.

### Skráningar

Skrá og greiða þarf fyrir auglýstan skráningarfrest. Skráning er bindandi. Móttaka skráningar, upplýsingar um móttöku skráningar og greiðslu fer fram á skrifstofu HRFÍ nema annað sé tekið fram í auglýsingu. Skráningargjald verður að greiða þó svo hundur mæti ekki í próf. Ef í ljós kemur eftir að skráningarfrestur rennur út að áður auglýstur dómari muni ekki dæma verður þátttakandi að taka fram við prófstjóra áður en dómur hefst að hann vilji ekki mæta í próf hjá nýjum dómara. Komi nafn varadómara fram í auglýsingu prófsins fæst engin endurgreiðsla (ath. sömu reglur gilda hér og í sýningarreglum HRFÍ).

### Nafnakall í vinnuprófum

Þátttakendur í vinnuprófi, eru kallaðir til þátttöku samtímis. Innbyrðis rásröðun er ákveðin fyrir fram. Ef þátttakandi er ekki til staðar þegar hópurinn hans er kallaður inn getur teymið átt á hættu að missa þáttökurétt sinn í viðkomandi prófi. Ef þátttakandi er skráður með tvo hunda í sama flokki skal honum gefinn tími til að undirbúa sig fyrir aðra innkomu. Ef það koma upp aðrir árekstrar svo sem að hundur sé skráður í keppni (sýning, hundafimi eða annað) á sama tíma eða þátttakandi hefur skráð fleiri en tvo hunda í prófið, þá er það alfarið á ábyrgð þátttakanda að finna lausn á vandanum.

### Dómar

Markmið með vinnuprófum hjá HRFÍ er prófun á hversu móttækilegir hundar eru til þjálfunar. Dómur hverrar æfingar byggist fyrst og fremst á aðalatriðum hverrar æfingar og hvernig hundur skilur verkefnið. Ekki er hægt að áfrýja mati dómara á árangri hunda í vinnu og ákvörðunum þar um sem reglur kveða á um að hann skuli meta. Ákvörðun dómara verður hvorki felld niður, breytt eða hún ógilt hafi prófsreglur HRFÍ verið virtar.

Pátttakandi sem telur að vinnuprófsreglur hafi verið brotnar við dóm á hundi hans, hefur fyrir lok prófsins rétt til að leggja fram skriflega kæru til ritara, sem fjallar um kærana á staðnum og sker úr.

Úrskurði dómara má áfrýja skriflega til stjórnar Vinnuhundadeildar innan sjö daga. Áfrýjunargjald nemur tvöföldu þáttökugjaldi í vinnuprófi. Stjórn Vinnuhundadeildar skal fjalla um kærana og svara ákæranda eigi síðar en 6 vikum frá dagsetningu kærunnar. Afrit af kæru og svari skal sent stjórn HRFÍ, til kynningar.

Uni málsaðilar ekki niðurstöðu stjórnar Vinnuhundadeildar má vísa málinu til stjórnar HRFÍ. Ef upp kemur mjög alvarlegur ágreiningur eða aga vandamál getur stjórn Vinnuhundadeildar vísað málinu til stjórnar HRFÍ. Áfrýjunargjald ásamt prófgjaldi fæst endurgreitt ef kæra er talin réttmæt og dómur í prófinu er ógiltur.

## II. hluti: Um Rallý próf

### Flokkaskipting

Kept er í 4 flokkum:

- Rallý I er opinn hundum sem hafa ekki tekið þátt í Rallý II.
- Rallý II er opinn hundum sem hafa náð titlinum RL-I en ekki tekið þátt í Rallý III.
- Rallý III er opinn hundum sem hafa náð titlinum RL-II, en ekki tekið þátt í Rallý Elite.
- Rallý Elite er opinn hundum sem hafa náð titlinum ISRLCH/ISRLME.

Hundar sem náð hafa gildri einkunn (70 stig) í braut er raðað í sæti á dómalista og á fylgiblöðum. Raða má hundum sem náð hafa einkunn í 1. 2. og 3. verðlaunasæti í hverjum flokki. Einkunnir eru opinberar og geymdar á skrifstofu HRFÍ.

### Meistarastig

Meistarastig eru gefin í Rallý III flokki þeim hundum sem hafa náð a.m.k. 95 stigum. Til meistaratitils þarf að ná þremur meistarastigum hjá a.m.k. tveimur mismunandi dómurum. Hundar sem ná þessum árangri fá titilinn ISRLCH. Hundar sem ekki hafa ættbók hjá HRFÍ eða öðru aðildarfélagi FCI geta fengið meistarastig og fá titilinn ISRLME.

Í Rallý Elite er eitt Elite meistarastig í boði fyrir þann hund sem nær a.m.k. 97 stigum og nær 1. til 3. sæti í braut og ekki hefur hlotið titilinn ISEliteRLCH/ISEliteRLME. Einungis eitt meistarastig í Rallý Elite er í boði í hverri braut.

### Titlar

Eftirfarandi titlar eru í boði fyrir hunda í Rallý hlýðni

- RL-I – Fyrir hunda sem hafa náð þrisvar sinnum a.m.k. 70 stigum í Rallý I hjá a.m.k. tveimur mismunandi dómurum, eða hafa náð 100 stigum í braut einu sinni.
- RL-II – Fyrir hunda sem hafa náð þrisvar sinnum a.m.k. 85 stigum í Rallý II hjá a.m.k. tveimur mismunandi dómurum, eða hafa náð 100 stigum í braut einu sinni.
- ISRLCH/ISRLME – Fyrir hunda sem hafa náð þrisvar sinnum a.m.k. 95 stigum í Rallý III hjá a.m.k. tveimur mismunandi dómurum.
- ISEliteRLCH/ISEliteRLME – Fyrir hunda sem hafa náð þremur Elite meistarastigum með a.m.k. 97 stigum í Rallý Elite prófi hjá a.m.k. tveimur mismunandi dómurum.

### Prófhringur

- Æskileg stærð prófhings er a.m.k. 400 fermetrar, þar sem hliðarlengd nær a.m.k. 20 metrum.
- Prófhringur þarf að vera vel afmarkaður með góðum merkingum.
- Innahúsbraut þarf að vera á undirlagi sem hundarnir hafa góða fótfestu á.

### Brautin

- Dómari skal framkvæma ítarlega skoðun á braut og gæta þess að reglum um uppsetningu brautar sé í samræmi við Rallý-reglur HRFÍ.

- Uppsetning brautar er sýnileg á blöðum á prófstaðnum a.m.k. einni klukkustund áður en próf hefst.
- Brautarkynning skal framkvæma á hverri braut. Þátttakendur hafa 10 mínútur í fylgd með dómara til þess að kynna sér uppsetningu brautarinnar. Þátttakendur hafa tækifæri til að spyrja spurninga á þessum tíma.
- Fyrsta teymið skal vera tilbúið í prófið samkvæmt tilmælum dómara eftir að kynningu lýkur.
- Lengd brautar eru 15 – 20 æfingar þ.m.t. upphafs- og lokaæfing.
- Fjarlægð milli skilta eru almennt 3-5 metrar, mismunandi eftir æfingum.
- Skilti skulu staðsett tveimur metrum fyrir framan hindrun, auk þess skal gera ráð fyrir tveggja metra lendingarsvæði. Sama gildir um göng.
- Í æfingu nr. 322, stökk yfir tvær hindranir, skal vera fjögurra metra fjarlægð milli hindrana. Í þessari æfingu skal hundurinn sýna góða snerpu.
- Göng í æfingu nr. 323 skulu vera 3-6 metra löng í beinni línu eða U- laga og að fullu út dregin.

Í æfingunum sem á eftir fylgja, þar sem notaðar eru keilur, þarf að staðsetja skilti fyrir framan fyrstu keiluna, æfingar: nr. 129+130 (spíral), 131+132 (svig), 133+306 (freisting).

- Í æfingum nr. 129+130 (spíral) og æfingum nr. 131+132 (svig) skulu keilur staðsettar með 1,5-2 metra millibili.
- Í æfingum nr. 133 og 306 (freisting), skulu skiltin staðsett með 2,5-3 metra millibili. Fjarlægðin milli freistinga skal vera 1,5-2 metrar.
- Hver braut má að hámarki hafa þrjár æfingar með hindrunum eða göngum.
- Sérhverja æfingu má að hámarki nota tvisvar í hverri braut, að undanskilinni innkalls æfingu.
- Eftir æfingu nr. 127 (run) skal staðsetja næsta skilti eftir 5 metra
- Keila sem er partur af spíral eða svigi má endurnýta sem part af öðrum spíral eða svigi.

### Dómur í brautinni

- Heildarstig þátttakenda eru skrifleg á einkunnarblaði.
- Ákvörðun dómara er endanleg og ekki er hægt að áfrýja.
- Ef þátttakendur eru jafnir í efstu sætum skal tímataka ákvarða sætaskipun. Þ.e.a.s. teymið sem fer brautina á besta tíma skal hreppa efsta eða efra sætið.

### Í prófhring

Í Rallý I þar sem hundurinn er í braut í taumi, skal taumlás hanga beint niður (lóðrétt) af ól hundsins og skal teymið klára brautina með slaka á taumnum allan tímann. Teymið fær mínusstig í hvert skipti sem taumlás hreyfist yfir 90° úr lóðréttri stöðu, þ.e. ef strekking kemur á tauminn (sjá nánar í III Kafli – listi yfir þætti til frádráttar).

Í flokkum þar sem hundurinn fer án taums í brautina skal taumurinn tekinn af áður en prófið hefst samkvæmt tilmælum dómara. Taumurinn má ekki vera sýnilegur eftir að hann er tekinn af á meðan prófi stendur. Stjórnandi má vera í æfingarvesti eða því álíka en mittistöskur eru ekki leyfðar.

Dómari gefur þátttakanda merki hvenær hann má ganga að fyrsta skiltinu (start) í braut.

Engin verðlaun eða dót, mega vera sjáanleg í hringnum. Stjórnandi má ekki missa neitt í hringnum. Eftir að hafa verið losaður úr taumi má hundurinn aðeins hafa hálsól (feldspenna eða teygja er leyfileg ef nauðsyn þykir).


Teymið er metið alveg frá því að það kemur inn í hringinn og þar til það fer út úr hringnum.

Stjórnandi þarf að hafa fulla stjórn á hundinum á meðan hann er á prófsvæði.

Engin hjálpartæki né nokkur utanaðkomandi aðstoð er leyfileg.

Þegar brautinni er lokið fer teymið út úr hringnum og stjórnandinn setur hundinn í taum samkvæmt tilmælum dómara.

Æfingar eru framkvæmdar vinstra megin við skiltin í beinni braut. Þegar stefnu er breytt, er æfingin framkvæmd fyrir framan skiltið. Vinnusvæði við skilti er 1x1 metri ef ekki eru gefnar aðrar leiðbeiningar.



Þegar byrjað er á æfingu er nægilegt að annaðhvort hundur eða stjórnandi séu innan vinnusvæðisins. Í æfingum þar sem snúa skal á punktinum er miðað við svæði sem er álíka stórt og A4 blað.

### Almennar leiðbeiningar

Í teikningu af brautinni er gefið til kynna hvort hundurinn skuli vera á hægri eða vinstri hlið stjórnanda í byrjun. Hundurinn verður að koma inn í hringinn á réttri hlið. Prófið hefst eftir að hundurinn hefur sest við hlið stjórnanda við Start skilti.

Teymið framkvæmir æfingar í ákveðinni röð. Ef æfing er endurtekin er það dæmt sem mistök stjórnanda og missir teymið 10 stig. Hundurinn verður ávallt að vera undir stjórn stjórnanda innan hringsins á meðan brautin er kláruð.

Allar æfingar eru framkvæmdar með hundinn á vinstri eða hægri hlið stjórnandans.

Öll mistök sem gerð eru í æfingu leiða til mínusstiga. Ef mistök eru gerð á milli æfinga, (til dæmis ef hundurinn fer í hring), þá reiknast mínusstig á næstu æfingu.

Fjarlægðin milli stjórnandans og hundsins í æfingum og við hæl ætti ekki vera meira en 0,5 metrar nema í æfingum þar sem hundinum er vísað frá stjórnanda eða í æfingum þar sem hundurinn er látinn bíða þar til á hann er kallað.

Þar sem hundinum er vísað fram fyrir stjórnanda lýkur æfingunni með hundinn á vinstri hlið eins og gefið er til kynna í æfingum nr. 117 – 122 (vísa fram fyrir, aftur að hlið), nr. 213 (skref afturábak með sitjandi



stöðu), nr. 308 (skref afturábak með sitjandi/liggjandi/standandi stöðu), nr. 401 (vísað fram, standa, bakka, standa).

Æfingar nr. 304 (stoppa, hliðarskref til hægri, stoppa) og nr. 401 (hliðarskref til hægri) eru framkvæmdar eftir að komið er framhjá skiltinu. Í æfingu nr. 312 (skipti á milli fóta stjórnanda), má stjórnandi lyfta fæti og hægja niður til að hliðarskipting gangi fimlega.

Stjórnandi og hundur mega ekki stoppa í brautinni á meðan æfingu stendur ef það er ekki partur af æfingunni. 10 mínusstig eru gefin fyrir auka stöpp sökum skorts á samvinnu.

Stjórnandinn má nota skipun og líkamstjáningu samtímis til að leiða hundinn í æfingum (til dæmis til að vísa hundinum niður eða fram fyrir sig). Skipanir skulu vera stuttar. Stjórnandinn þarf að rétta úr sér og vera í sinni eðlilegri stöðu áður en haldið er í næstu æfingu. Lágstemmt hrós er leyfilegt.

## Skref

Skref stjórnandans verða vera það stórt að greinilegt svæði myndist milli hæl fremri fótar og taa aftari fótar. Stjórnandi skal reyna að halda sama hraða í braut nema þegar skilti stjórnna hraðabreytingu. Í hliðarskrefum þarf skrefið að vera að minnsta kosti lengd fótar stjórnandans. Hliðarskrefið verður að vera tekið í beinni línu til hægri eða vinstri, eins og í æfingu nr. 401 (hliðarskref til hægri) og æfingu nr. 402 (hliðarskref til vinstri).

Í æfingum þar sem hundi er vísað fram fyrir stjórnanda, má stjórnandi ekki taka skref afturábak nema í æfingu nr. 213 (vísað fram fyrir, 1 skref afturábak, stopp, 2 skref afturábak, stopp, 3 skref afturábak, stopp) og í æfingu nr. 308 (vísað fram fyrir, 1 skref afturábak, standa, 2 skref afturábak, sitja, 3 skref afturábak, liggja).

Ef hundurinn tekur skref á staðnum telst það ekki til frádráttar.

Stjórnanda er ekki leyfilegt að taka skref á staðnum eða hreyfa fæturna til í æfingum sem krefjast kyrrstöðu stjórnanda.

## Samhliða staða (e. frontline alignment)

Staða hundsins þarf að vera samhliða stjórnandanum (í línu) í hælstöðu og í öllum æfingum þar sem teymið vísar í sömu átt. Undantekning frá þessu eru æfingar nr. 214 (stökk), 311 (hliðarskref fyrir aftan), 312 (hliðarskref milli fóta), 315 (sitja, hliðarskref fyrir aftan, sitja), 322 (vísað yfir tvær hindranir), 323 (göng), 407 (stopp, vísað burtu, standa), 411 (innkall yfir hindrun). Æfingar nr. 311, 312, 315 byrja með hundinn í hælstöðu.

## Æfingar með keilu (407)

Þegar stjórnandi vísar hundi að keilu er ekki gefin upp neinn ákveðinn hraði og má hundurinn annað hvort ganga eða hlaupa. Það má staðsetja keiluna annað hvort vinstra megin (hundurinn er vinstra megin) eða hægra megin (hundurinn er hægra megin) í 4 – 5 metra fjarlægð.

Til að ljúka æfingunni þarf hundurinn að vera innan við einn metra frá keilunni þegar hann stendur. Ef allir fætur hundsins eru lengra frá keilunni en einn metra er æfingin ekki viðurkennd

## Innkall

Fjarlægðin í innkallsæfingum er 5 metrar frá fyrri æfingu. Þjófstart hunds jafngildir því að æfingin hafi ekki verið framkvæmd rétt.

## Hæð stökka

Hæð stökka ræðst af hæð hundsins.

Undir 30 cm	10 cm
30 – 39 cm	20 cm
40 – 49 cm	30 cm
50 cm og yfir	40 cm

### III. Kafli: Listi yfir þætti til frádráttar

Teymið byrjar með 100 stig. Frádráttur er byggður á mati dómara á frammistöðu teymisins. Teymið er metið allan tímann sem það er innan hringsins (frá því það kemur inn og þar til það fer út).

Á meðan teymið framkvæmir æfingar í brautinni, tekur dómur ávallt tillit til skapgerðar og tegundar hundsins.

Teymi getur ekki fengið minna en 0 stig.

1 mínusstig	Dæmi
Skortur á samvinnu (hundur/stjórnandi)	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Hundur þefar af gólfi/jörð í minna en þrjú skref</li> <li>– Hundur snertir/þefar af skilti eða keilu (að dilla rófu er undanskilið)</li> <li>– Stutt töf á viðbragði</li> <li>– Taumlás færast úr stað/strekking kemur á taum (Rally I)</li> </ul>
Mistök stjórnanda	– Stjórnandi snertir skilti eða keilu
Skökk staða (meiri en 45°, minni en 90°)	

3 mínusstig	Dæmi
Skortur á samvinnu (hundur/stjórnandi)	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Hundur þefar af gólfinu/jörðinni í meira en þrjú skref</li> <li>– Töf á viðbragði</li> <li>– Hundurinn er fyrir stjórnandanum (til dæmis í spíral), hindrar hreyfingu</li> <li>– Hundur veltir um koll skilti eða keilu</li> <li>– Hundur stígur yfir skilti</li> <li>– Hundurinn hreyfist ekki með stjórnanda í hliðarskrefs æfingum</li> <li>– Hundurinn reynir að skipta um hæl-hlið þegar hann á ekki að gera það</li> <li>– Hundur reynir að breyta stöðu þegar hann á ekki að gera það</li> </ul>
Mistök stjórnanda	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Stjórnandi tekur skref til hliðar til rýmka fyrir hundinum eða leiða eða beina hundinum (dæmi: skipta um hlið eða yfir hindrun)</li> <li>– Stjórnandi hreyfir sig þegar hann á að vera kyrr (tekur minna en ½ skref)</li> <li>– Stjórnandi fellir skilti eða keilu</li> <li>– Stjórnandi klappar höndum (klappar saman höndum eða klappar á líkamann), smellir fingrum eða stappar fótum til að ná athygli hundsins</li> <li>– Stjórnandi hægir sjáanlega á sér til þess að aðstoða hundinn í æfingu</li> </ul>
Líkamleg snerting	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Hundurinn hoppar upp á stjórnandann</li> <li>– Hundurinn stígur á fætur stjórnandans</li> <li>– Hundurinn hallar sér að stjórnandanum í hælstöðu</li> <li>– Hundurinn snertir hönd stjórnandans meðvitað með nefinu</li> </ul>
Hundur er úr stöðu (meira en ½ metri á milli stjórnandans og hundsins)	
Hundurinn hreyfir sig í stöðu (um það bil eitt skref eða minna en ½ hund-lengd)	

5 mínusstig	Dæmi
Skortur á samvinnu (hundur/stjórnandi)	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Lengri töf á viðbragði</li> <li>– Hundur þefar af jörð/gólfi alla æfinguna</li> <li>– Hundurinn framkvæmir flestar æfingar mjög hægt</li> <li>– Hundurinn hollar upp og niður á meðan á allri æfingunni stendur</li> <li>– Hundurinn þefar eða snertir freistingu</li> <li>– Hundurinn fellir hindrun</li> </ul>
Mistök stjórnanda	Hávær skipun eða ógnandi merki
Óhóflegt gelt eða hljóð (á meðan á æfingu stendur)	

10 mínusstig	Dæmi
Skortur á samvinnu (hundur/stjórnandi)	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Hundurinn er stjórnlaus í hringnum (til dæmis hleypur til að athuga freistingu)</li> <li>– Hundur neitar að hoppa eða fer framhjá hindrun (þetta á einnig við þegar hundurinn neitar að hoppa þegar hindrun hefur verið felld)</li> <li>– Hundurinn tekur eitthvað upp af gólfinu/jörðinni inni í hringnum (til dæmis freistingu eða keilu)</li> <li>– Hundur og stjórnandinn eru röngu megin við skilti eða keilu</li> <li>– Hundurinn gerir auka hreyfingar milli skilta (til dæmis, snýr, sest eða klórar sér)</li> <li>– Æfing er hafin utan við æfingarsvæðið (á undan eða eftir)</li> <li>– Framlína hundsins er ekki í réttri línu (meira en 90°)</li> <li>– Hundurinn þjófstartar í átt að stjórnandanum (til dæmis, ef hundur byrjar að koma á undan innkalli)</li> <li>– Hundurinn skiptir um hæl hlið þegar hann á ekki að gera það</li> <li>– Teymið stoppar í æfingu þar sem stopp er ekki partur af æfingunni</li> <li>– Taumur er strekktur alla æfinguna</li> </ul>
Mistök stjórnanda	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Stjórnandi snertir hundinn</li> <li>– Framkvæmir æfingu á röngum hraða</li> <li>– Taumurinn er sjáanlegur</li> <li>– Reynir æfingu aftur</li> <li>– Stjórnandi setur höndina í vasann</li> <li>– Stjórnandi stoppar þegar hann á ekki að gera það</li> <li>– Rangur hraði milli æfinga (óháð fjarlægð)</li> </ul>
Æfingar ekki framkvæmdar rétt	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Framkvæmir æfingu eða part af æfingu rangt</li> <li>– Hundurinn hreyfir sig í stöðu (meira en ½ hundlengd)</li> <li>– Hundurinn framkvæmir æfingar mjög hægt</li> </ul>

## Heildarframmistaða

Þegar heildarframmistaða á samvinnu hunds og stjórnanda er metin er litið til bæði frammistöðu við skilti og milli skilta.

1 – 10 stig má draga frá fyrir heildarframmistöðu. Einungis má draga frá fyrir hegðun sem ekki þegar hefur verið dregið frá fyrir. Dæmi um slíkt er

- Gelt/hljóð á meðan hundurinn er í brautinni, ekki í einhverri ákveðinni æfingu.
- Hundurinn spilli flæði æfinganna með hoppi og flaðri.
- Hundurinn þefar óhóflega milli æfinga
- Hundurinn er tregur til að framkvæma æfingarnar og gerðir þær mjög hægt.

## Brottvísun

Ef dómari dæmir teymi úr keppni, verður það til þess að í heildarstig teymisins er 0.

Dómari getur gefið 0 stig í eftirfarandi tilfellum:

- Stjórnandi framfylgir ekki reglum varðandi taum – í taumi/án taums
- Stjórnandi hefur verðlaun eða dót sjáanleg inni í hringnum
- Stjórnandinn missir eitthvað inni í hringnum
- Stjórnandinn gengur fram hjá skilti (stjórnandi reynir ekki að framkvæma æfinguna)
- Stjórnandinn gerir æfingarnar í rangri röð
- Taumur er strekktur mest alla brautina, teymið fær þó tækifæri á að klára allar æfingarnar.
- Hundurinn fer út úr hringnum áður en brautinni er lokið, fjórar fætur út úr hringnum
- Óhóflegt gelt
- Þefar óhóflega (hundurinn er ekki að vinna með stjórnandanum)
- Stjórnandinn sýnir hundinum hörku innan hringsins eða á keppnisstaðnum
- Hundurinn er árásgjarn eða bítur einhvern, persónu eða annan hund
- Hundurinn er stjórnlaus (svarar ekki skipunum)
- Hundurinn mígur eða skítur í hringnum
- Óviðeigandi hegðun
- Teymið fer út úr hringnum áður en komið er að Finish skiltinu
- Rangur útbúnaður
- HRFÍ Rallý reglum og leiðbeiningum er ekki fylgt eftir

## Flokkaskipting:

### **Rallý I**

15 - 20 æfingar

Prófið er framkvæmt í taumi

Skilti nr. 101 – 133 eru notuð í brautinni

Hámarkstími eru 4 mín.

### **Rally II**

15 -20 æfingar

Prófið er framkvæmt án taums

Skilti nr. 101 – 214 eru notuð í brautinni, þar af a.m.k. átta skilti með númeraröðun 201-214

Hámarkstími eru 4 mín.

### **Rally III**

15 - 20 æfingar

Prófið er framkvæmt án taums

Skilti nr. 101 – 323 eru notuð í brautinni, þar af a.m.k. fimm skilti með númeraröðun 200+ og a.m.k. fimm skilti eru nr. 300+. Þrjár æfingar eru fljótandi, á hlaupum eða rólegri göngu og þá eru æfingarnar metnar eins og þær væru númeraðar 300+.

Keiluæfingar má ekki nota í hraðabreytingum

Hámarkstími er 4 mín.

### **Rally Elite**

15 - 22 æfingar

Prófið er framkvæmt án taums

Skilti nr. 101 – 411 eru notuð í brautinni, þar af skulu vera sex skilti vera númer 400+ og a.m.k. fimm skilti nr. 200+ og a.m.k. fimm skilti nr. 300+

Hámarkstími er 4 mín.

### **Hægri-stjórnun í Elite**

Þar sem í brautinni eru hliðar-skipti, geta 0-5 æfingar sem vanalega eru framkvæmdar á vinstri hlið stjórnanda komið eftir hliðar-skipti. Þetta geta verið að hámarki fimm æfingar sem framkvæmdar eru á hægri hlið stjórnanda í braut. Allar æfingar sem framkvæmdar eru á hægri hlið teljast til Elite æfinga.



Á hægri hlið geta flestar æfingar komið til greina til hliðarskipta, þar sem æfingunni lýkur við vinstri hlið. Sem dæmi „setjast fyrir framan – vinstri – sit“. Æfingin byrjar með hundinn á hægri hlið og lýkur á vinstri hlið. Í einföldum æfingum t.d. stöðuæfingum skal hundurinn halda stöðu á hægri hlið allan tímann. Framkvæma skal æfinguna á sama hátt og gert er á vinstri hlið nema hundurinn skal halda stöðu sinni við hægri hlið stjórnanda. Keiluæfingar og hraðabreytingar eru æfingar sem ekki eru notaðar til hliðarskipta.

	Rallý I	Rallý II	Rallý III	Rallý Elite
Fjöldi æfinga	15-20	15-20	15-20	15-22
Taumur í prófi	Já	Nei	Nei	Nei
Nr. skilta í prófi	101-133	101-214	101-323	101-411
Kröfur um ákv. fjölda skilta í ákv. númerum		8+ skilti eru nr. 201-214	5+ skilti nr. 201-214 5+ skilti nr. 301-323 3 fljótandi æfingar, hlaupandi eða á rólegri göngu	6 skilti nr. 401-411 5+ skilti nr. 201-214 5+ skilti nr. 301-323
Hámarkstími	4 mín.	4 mín.	4 mín.	4 mín.

Þessar reglur eru staðfærð þýðing á *“Rally obedience Nordic Championship guidelines”*, Rallý reglur sem gefnar voru út af NKU Rally Obedience Committee þann 13.5.2019.

## Viðauki: Skiltin í Rally-hlýðni









- Allar æfingar má gera hvort sem er með hundinn á vinstri eða hægri hlið stjórnanda.
- Æfingar sem gefa 1 stig, skilti 106 – 116, má gera jafnt á hægum eða hröðum gangi.
- Skilti sem kemur á undan 1. stigs skilti gefur til kynna á hvaða hraða æfingin skal gerð.
- Allar æfingar þar sem hundi er vísað fram fyrir stjórnanda enda með hundinn á vinstri hlið líkt og fyrir mæli æfingarinnar gefa til kynna.









 <p><small>NORDIC KENNEL UNION EST. 1988</small></p>	<p><u>START</u></p> <p>Hundurinn sest við vinstri eða hægri hlið stjórnanda. Síðan heldur teymið áfram.</p>
 <p><small>NORDIC KENNEL UNION EST. 1988</small></p>	<p><u>FINISH</u></p> <p>Þegar teymið er komið fram hjá þessu skilti er brautinni lokið. Teymið lýkur brautinni á venjulegum hraða.</p>








### 1. stig








 <p><small>NORDIC KENNEL UNION EST. 1988</small></p>	<p><u>101. STOP</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Síðan heldur teymið áfram.</p>
 <p><small>NORDIC KENNEL UNION EST. 1988</small></p>	<p><u>102. STOP - DOWN</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Hundinum er vísað í liggjandi stöðu. Hundurinn liggur þar til teymið heldur áfram.</p>
 <p><small>NORDIC KENNEL UNION EST. 1988</small></p>	<p><u>103. STOP – DOWN – SIT</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Hundinum er vísað í liggjandi stöðu og síðan aftur í sitjandi stöðu. Hundurinn situr þar til teymið heldur áfram.</p>



<p style="text-align: right;">104</p>  <p style="font-size: small;">NORWIC KENNEL LINDEN www.norwic.com</p>	<p><u>104. STOP – WALK AROUND</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Stjórnandi gengur fram fyrir og í kringum hundinn, til baka að hlið hans og stoppar. Hundurinn situr kyrr þar til teymið heldur áfram.</p>
<p style="text-align: right;">105</p>  <p style="font-size: small;">NORWIC KENNEL LINDEN www.norwic.com</p>	<p><u>105. STOP – DOWN – WALK AROUND</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Hundinum er vísað í liggjandi stöðu. Stjórnandi gengur fram fyrir og í kringum hundinn og til baka að hlið hans og stoppar. Hundurinn liggur kyrr þar til teymið heldur áfram.</p>
<p style="text-align: right;">106</p>  <p style="font-size: small;">NORWIC KENNEL LINDEN www.norwic.com</p>	<p><u>106. RIGHT TURN</u></p> <p>90° þröng beygja til hægri.</p>
<p style="text-align: right;">107</p>  <p style="font-size: small;">NORWIC KENNEL LINDEN www.norwic.com</p>	<p><u>107. LEFT TURN</u></p> <p>90° þröng beygja til vinstri.</p>
<p style="text-align: right;">108</p>  <p style="font-size: small;">NORWIC KENNEL LINDEN www.norwic.com</p>	<p><u>108. ABOUT TURN RIGHT</u></p> <p>180° þröng beygja til hægri.</p>
<p style="text-align: right;">109</p>  <p style="font-size: small;">NORWIC KENNEL LINDEN www.norwic.com</p>	<p><u>109. ABOUT TURN LEFT</u></p> <p>180° þröng beygja til vinstri.</p>
<p style="text-align: right;">110</p>  <p style="font-size: small;">NORWIC KENNEL LINDEN www.norwic.com</p>	<p><u>110. LOOP RIGHT</u></p> <p>Teymið tekur hægri slaufu á punktinum.</p>
<p style="text-align: right;">111</p>  <p style="font-size: small;">NORWIC KENNEL LINDEN www.norwic.com</p>	<p><u>111. LOOP LEFT</u></p> <p>Teymið tekur vinstri slaufu á punktinum.</p>








 <p>112</p>	<p><u>112. 270° RIGHT</u></p> <p>270° þröng beygja til hægri.</p>
 <p>113</p>	<p><u>113. 270° LEFT</u></p> <p>270° þröng beygja til vinstri.</p>
 <p>114</p>	<p><u>114. 360° RIGHT</u></p> <p>360° þröng beygja til hægri.</p>
 <p>115</p>	<p><u>115. 360° LEFT</u></p> <p>360° þröng beygja til vinstri.</p>
 <p>116</p>	<p><u>116. TURN AROUND DOG BEHIND</u></p> <p>Stjórnandi snýr til vinstri, á sama tíma snýr hundurinn til hægri aftur fyrir bak stjórnanda í hælstöðu og teymið heldur áfram í gagnstæða átt.</p>
 <p>117</p>	<p><u>117. CALL FRONT – STOP – RIGHT TO LEFT</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og vísar hundinum í sitjandi stöðu fyrir framan sig. Síðan vísar hann hundinum á sína hægri hlið, aftur fyrir sig og síðan á sína vinstri hlið. Teymið heldur áfram án þess að stoppa.</p>
 <p>118</p>	<p><u>118. CALL FRONT – STOP – LEFT TO LEFT</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og vísar hundinum í sitjandi stöðu fyrir framan sig. Síðan vísar hann hundinum á sína vinstri hlið. Teymið heldur áfram án þess að stoppa.</p>
 <p>119</p>	<p><u>119. CALL FRONT – STOP – RIGHT TO LEFT – STOP</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og vísar hundinum í sitjandi stöðu fyrir framan sig. Þar á eftir vísar hann hundinum á sína hægri hlið, aftur fyrir sig og á sína vinstri hlið. Hundurinn sest áður en teymið heldur áfram.</p>








 <p>120. CALL FRONT – STOP – LEFT TO LEFT – STOP</p>	<p>Stjórnandi stoppar, og vísar hundinum í sitjandi stöðu fyrir framan sig. Síðan vísar hann hundinum á sína vinstri hlið. Hundurinn sest áður en teymið heldur áfram.</p>
 <p>121. STOP - CALL FRONT – STOP – RIGHT TO LEFT - STOP</p>	<p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Stjórnandi vísar hundinum í sitjandi stöðu fyrir framan sig. Síðan vísar hann hundinum á sína hægri hlið, aftur fyrir sig og síðan á sína vinstri hlið. Hundurinn sest áður en teymið heldur áfram.</p>
 <p>122. STOP - CALL FRONT – STOP – LEFT TO LEFT - STOP</p>	<p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Stjórnandi vísar hundinum í sitjandi stöðu fyrir framan sig. Síðan vísar hann hundinum á sína vinstri hlið. Hundurinn sest áður en teymið heldur áfram.</p>
 <p>123. STOP – 1 STEP STOP - 2 STEPS STOP – 3 STEPS STOP</p>	<p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Stjórnandi tekur eitt skref áfram stoppar, tvö skref áfram stoppar, þrjú skref áfram stoppar. Hundurinn fylgir stjórnanda og sest í hvert sinn sem stjórnandi stoppar.</p>
 <p>124. STOP – 90° RIGHT TURN – STOP</p>	<p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Stjórnandi tekur 90° beygju til hægri á punktinum og stoppar. Hundurinn fylgir stjórnanda og sest þegar hann stoppar.</p>
 <p>125. STOP – 90° LEFT TURN – STOP</p>	<p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Stjórnandi tekur 90° beygju til vinstri á punktinum og stoppar. Hundurinn fylgir stjórnanda og sest þegar hann stoppar.</p>
 <p>126. SLOW PACE</p>	<p>Teymið verður sjáanlega að hægja á hraðanum.</p>

<p style="text-align: right;">127</p>  <p style="font-size: small;">NORRÖN KENNEL UNNIN HAFNARVEGUR 10 101 REYKJAVÍK</p>	<p><u>127. RUN</u></p> <p>Teymið verður sjáanlega að auka hraðann.</p>
<p style="text-align: right;">128</p>  <p style="font-size: small;">NORRÖN KENNEL UNNIN HAFNARVEGUR 10 101 REYKJAVÍK</p>	<p><u>128. NORMAL PACE</u></p> <p>Teymið gengur á venjulegan hraða.</p>
<p style="text-align: right;">129</p>  <p style="font-size: small;">NORRÖN KENNEL UNNIN HAFNARVEGUR 10 101 REYKJAVÍK</p>	<p><u>129. SPIRAL RIGHT</u></p> <p>Þremur keilum er raðað í beinni línu með 1,5-2 metra millibili. Teymið á að beygja til hægri og ganga í kringum keilurnar. Fyrst allar þrjár, síðan tvær og að lokum eina.</p>
<p style="text-align: right;">130</p>  <p style="font-size: small;">NORRÖN KENNEL UNNIN HAFNARVEGUR 10 101 REYKJAVÍK</p>	<p><u>130. SPIRAL LEFT</u></p> <p>Þremur keilum er raðað í beinni línu með 1,5-2 metra millibili. Teymið á að beygja til vinstri og ganga í kringum keilurnar. Fyrst allar þrjár, síðan tvær og að lokum eina.</p>
<p style="text-align: right;">131</p>  <p style="font-size: small;">NORRÖN KENNEL UNNIN HAFNARVEGUR 10 101 REYKJAVÍK</p>	<p><u>131. SINGLE SLALOM</u></p> <p>Fjórum keilum er raðað í beinni línu með 1,5-2 metra millibili. Teymið kemur inn í æfinguna með fyrstu keiluna á vinstri hönd. Teymið vefur sig í gegnum keilurnar fjórar.</p>
<p style="text-align: right;">132</p>  <p style="font-size: small;">NORRÖN KENNEL UNNIN HAFNARVEGUR 10 101 REYKJAVÍK</p>	<p><u>132. DOUBLE SLALOM</u></p> <p>Fjórum keilum er raðað í beinni línu með 1,5-2 metra millibili. Teymið kemur inn í æfinguna með fyrstu keiluna á vinstri hönd. Teymið vefur sig í gegnum keilurnar fjórar, snýr við og vefur sig til baka.</p>
<p style="text-align: right;">133</p>  <p style="font-size: small;">NORRÖN KENNEL UNNIN HAFNARVEGUR 10 101 REYKJAVÍK</p>	<p><u>133. FIGURE 8</u></p> <p>Tvær keilur eru staðsettar með 2,5-3 metra millibili. Dómarinn ákveður hvar teymið kemur inn í æfinguna. Teymið gerir að fullu töluna átta í kringum keilurnar og krossar miðlínuna þrisvar sinnum.</p>










## 2. stig









 <p>201 2 x TURN AROUND DOG BEHIND</p>	<p><u>201. 2 x TURN AROUND DOG BEHIND</u></p> <p>Stjórnandi tekur U-beygju til vinstri á meðan hundurinn snýr aftur fyrir stjórnanda og í hælstöðu. Teymið tekur síðan 2-3 skref áður en U-beygjan er endurtekin og halda svo áfram í sömu átt og áður.</p>
 <p>202 STAND</p>	<p><u>202. STOP - STAND</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Hundinum er vísað í standandi stöðu. Hundurinn stendur þar til teymið heldur áfram.</p>
 <p>203 DOWN</p>	<p><u>203. DOWN</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn leggst við hlið hans. Hundurinn liggur þar til teymið heldur áfram.</p>
 <p>204 RUN FROM SIT</p>	<p><u>204. STOP – RUN FROM SIT</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Síðan hleypur teymið áfram þar til fyrirmæli á nýju skilti gefa til kynna að breyta eigi hraða.</p>
 <p>205 TURN RIGHT 1 STEP CALL</p>	<p><u>205. STOP – TURN RIGHT 1 STEP – CALL - STOP</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Hundurinn situr á meðan stjórnandi tekur eitt skref til hægri og stoppar. Skrefið má taka beint eða með því að snúa á punktinum og taka skrefið. Þá kallar stjórnandi á hundinn sem sest við hlið hans.</p>
 <p>206 TURN LEFT 1 STEP CALL</p>	<p><u>206. STOP – TURN LEFT 1 STEP – CALL - STOP</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Hundurinn situr á meðan stjórnandi tekur eitt skref til vinstri og stoppar. Skrefið má taka beint eða með því að snúa á punktinum og taka skrefið. Þá er kallar stjórnandi á hundinn sem sest við hlið hans.</p>
 <p>207 180° RIGHT TURN FORWARD</p>	<p><u>207. STOP – 180° RIGHT TURN - FORWARD</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Teymið tekur 180° beygju til hægri á punktinum og heldur áfram.</p>









	<p><u>208. STOP – 180° RIGHT TURN - STOP</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Teymið tekur 180° beygju til hægri á punktinum, stoppar og hundurinn sest við hlið stjórnanda.</p>
	<p><u>209. STOP – 180° LEFT TURN - FORWARD</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Teymið tekur 180° beygju til vinstri á punktinum og heldur áfram.</p>
	<p><u>210. STOP - 180° LEFT TURN - STOP</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Teymið tekur 180° beygju til vinstri á punktinum, stoppar og hundurinn sest við hlið við stjórnanda.</p>
	<p><u>211. STOP – TURN RIGHT 1 STEP - STOP</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Stjórnandi tekur eitt skref til hægri og stoppar. Skrefið má taka beint eða með því að snúa á punktinum og taka skrefið. Hundurinn fylgir stjórnanda og sest þegar hann stoppar.</p>
	<p><u>212. STOP – TURN LEFT 1 STEP - STOP</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Stjórnandi tekur eitt skref til vinstri og stoppar. Skrefið má taka beint eða með því að snúa á punktinum og taka skrefið. Hundurinn fylgir stjórnanda og sest þegar hann stoppar.</p>
	<p><u>213. CALL FRONT STOP – 1 STEP BACK STOP – 2 STEPS BACK STOP – 3 STEPS BACK STOP</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og vísar hundinum í sitjandi stöðu fyrir framan sig. Stjórnandi tekur eitt skref afturábak og stoppar, tekur tvö skref afturábak og stoppar, tekur þrjú skref afturábak og stoppar. Hundurinn fylgir stjórnanda og sest fyrir framan hann í hvert sinn sem hann stoppar. Því næst vísar stjórnandi hundinum að sinni vinstri hlið og teymið heldur áfram.</p>
	<p><u>214. SEND OVER JUMP</u></p> <p>Hundurinn er sendur yfir hindrun við skilti sem er í tveggja metra fjarlægð frá hindruninni. Um leið heldur stjórnandi áfram að hlið hindrunarinnar. Stjórnandi má auka hraðann til að halda í við hundinn.</p>


### 3. stig

	<p><u>301. STOP – STAND - SIT</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Hundinum er vísað í standandi stöðu og aftur í sitjandi stöðu. Hundurinn situr þar til teymið heldur áfram.</p>
	<p><u>302. STOP – STAND - DOWN</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Hundinum er vísað í standandi stöðu og svo í liggjandi stöðu. Hundurinn liggur þar til teymið heldur áfram.</p>
	<p><u>303. STOP – STAND – WALK AROUND</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Hundinum er vísað í standandi stöðu. Stjórnandi gengur fram fyrir og í kringum hundinn og stoppar við hlið hans. Hundurinn stendur þar til teymið heldur áfram.</p>
	<p><u>304. STOP – SIDE STEP RIGHT - STOP</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Stjórnandi tekur eitt skref til hægri og stoppar. Hundurinn fylgir stjórnanda og sest þegar stjórnandi stoppar. Þessi æfing er gerð eftir að komið er framhjá skiltinu.</p>
	<p><u>305. STOP – SIDE STEP LEFT - STOP</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Stjórnandi tekur eitt skref til vinstri og stoppar. Hundurinn fylgir stjórnanda og sest þegar stjórnandi stoppar. Þessi æfing er gerð eftir að komið er framhjá skiltinu.</p>
	<p><u>306. TEMPTATION</u></p> <p>Tvær keilur eru staðsettar með 2,5 – 3 metra millibili. Dómari ákveður hvernig teymið fer inn í æfinguna. Teymið gerir töluna átta í kringum keilurnar og fer um miðlínu þrisvar sinnum. Leikföng, verðlaunabita eða hvortveggja má nota til þess að lokka hundinn.</p>
	<p><u>307. STOP – 1 STEP STAND – 2 STEPS STOP – 3 STEPS DOWN</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Stjórnandi tekur eitt skref áfram og stoppar, tekur tvö skref áfram og stoppar, tekur þrjú skref áfram og stoppar. Hundurinn fylgir stjórnanda og er fyrst í standandi stöðu, síðan í sitjandi stöðu og að lokum í liggjandi stöðu þegar stjórnandi stoppar. Hundurinn liggur þar til teymið heldur áfram.</p>














 <p><b>CALL FRONT</b>  <b>1 STEP BACK STAND</b>  <b>2 STEPS BACK</b>   <b>3 STEPS BACK DOWN</b></p>	<p><u>308. CALL FRONT STOP – 1 STEP BACK STAND – 2 STEPS BACK STOP – 3 STEPS BACK DOWN</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og vísar hundinum í sitjandi stöðu fyrir framan sig. Stjórnandi tekur eitt skref afturábak og stoppar, tekur tvö skref afturábak og stoppar, tekur þrjú skref afturábak og stoppar. Hundurinn fylgir stjórnanda og er fyrst í standandi stöðu svo í sitjandi stöðu og að lokum í liggjandi stöðu fyrir framan stjórnanda þegar hann stoppar. Því næst vísar stjórnandi hundinum að sinni vinstri hlið og teymið heldur áfram.</p>
 <p><b>SPIN</b></p>	<p><u>309. SPIN</u></p> <p>Á meðan teymið gengur áfram tekur hundurinn snúning um sjálfan sig við hlið stjórnanda.</p>
 <p><b>TURN TOWARD</b></p>	<p><u>310. TURN TOWARD</u></p> <p>Á meðan teymið gengur áfram tekur það 180° þrönga beygju hvort á móti öðru á sama tíma og heldur síðan áfram í gagnstæða átt. Hælstaða er breytt.</p>
<p><b>SIDE SHIFT BEHIND</b></p> 	<p><u>311. SIDE SHIFT BEHIND</u></p> <p>Á meðan teymið gengur áfram skiptir hundurinn um hlið fyrir aftan stjórnanda. Hælstaða er breytt. Hundurinn má ekki snúa sér þegar hann skiptir um hlið.</p>
<p><b>SIDE SHIFT BETWEEN LEGS</b></p> 	<p><u>312. SIDE SHIFT BETWEEN LEGS</u></p> <p>Á meðan teymið gengur áfram skiptir hundurinn um hlið á milli fóta stjórnanda. Stjórnandi má stoppa á meðan hundurinn gerir æfinguna. Hælstaða er breytt.</p>
 <p><b>BOTH ABOUT TURN RIGHT</b></p>	<p><u>313. BOTH ABOUT TURN RIGHT</u></p> <p>Á meðan teymið gengur áfram tekur það þrönga 180° beygju samtímis til hægri og heldur áfram í gagnstæða átt. Hælstaða er breytt.</p>
 <p><b>BOTH ABOUT TURN LEFT</b></p>	<p><u>314. BOTH ABOUT TURN LEFT</u></p> <p>Á meðan teymið gengur áfram tekur það þrönga 180° beygju samtímis til vinstri og halda áfram í gagnstæða átt. Hælstaða er breytt.</p>

 <p><b>SIDE SHIFT BEHIND</b></p>	<p><u>315. STOP – SIDE SHIFT BEHIND - STOP</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Hundurinn skiptir um hlið fyrir aftan stjórnanda og sest við hina hlið hans. Þegar æfingu er lokið heldur teymið áfram. Hælstaða er breytt. Hundurinn má ekki snúa sér þegar hann skiptir um hlið.</p>
 <p><b>SIDE SHIFT IN FRONT</b></p>	<p><u>316. STOP – SIDE SHIFT IN FRONT - STOP</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Hundurinn skiptir um hlið fyrir framan stjórnanda og sest við hina hlið hans. Þegar æfingu er lokið heldur teymið áfram. Hælstaða er breytt. Hundurinn verður að snúa sér þegar hann skiptir um hlið.</p>
 <p><b>MOVING STAND WALK AROUND</b></p>	<p><u>317. MOVING STAND - WALK AROUND</u></p> <p>Á meðan teymið gengur áfram er hundinum vísað í standandi stöðu á meðan stjórnandi gengur rակleitt fram fyrir og í kringum hundinn aftur að sömu hlið og stoppar. Hundurinn stendur þar til teymið heldur áfram.</p>
 <p><b>MOVING DOWN WALK AROUND</b></p>	<p><u>318. MOVING DOWN - WALK AROUND</u></p> <p>Á meðan teymið gengur áfram er hundinum vísað í liggjandi stöðu og stjórnandi gengur rակleitt fram fyrir og í kring um hundinn, aftur að sömu hlið og stoppar. Hundurinn liggur þar til teymið heldur áfram.</p>
 <p><b>MOVING DOWN WALK FORWARD</b></p>	<p><u>319. MOVING DOWN - WALK FORWARD</u></p> <p>Á meðan teymið gengur áfram er hundinum vísað í liggjandi stöðu og stjórnandi gengur rակleitt áfram að næsta skilti, sem er „innkall“.</p>
 <p><b>STAND WALK FORWARD</b></p>	<p><u>320. STOP – STAND – WALK FORWARD</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Hundinum er vísað í standandi stöðu og stjórnandi gengur að næsta skilti, sem er „innkall“.</p>
 <p><b>RECALL</b></p>	<p><u>321. RECALL</u></p> <p>Á göngu kallar stjórnandi á hundinn að hæl á sömu hlið og áður. Þetta skilti er notað á eftir skiltum nr. 319, 320, 406 og 407.</p>
 <p><b>SEND OVER TWO JUMPS</b></p>	<p><u>322. SEND OVER TWO JUMPS</u></p> <p>Hundurinn er sendur yfir tvær hindranir við skilti sem er staðsett tvo metra frá hindrunum. Á sama tíma heldur stjórnandi áfram við hlið hundsins. Stjórnandi má auka hraðann til að halda í við hundinn. Hindranirnar geta verið staðsettar samsíða eða með allt að 90° horni.</p>

	Hindranirnar eiga að vera með fjögurra metra millibili. Eftir stökkin kallar stjórnandi hundinn í hælstöðu.
	<u>323. TUNNEL</u> Hundurinn er sendur í gegnum göng við skilti sem er staðsett í tveggja metra fjarlægð frá göngunum. Á sama tíma heldur stjórnandi áfram við hlið ganganna. Stjórnandi má auka hraðann til að halda í við hundinn. Göngin geta bæði verið bein eða í boga.

#### 4. stig

	<p><u>401. SIDE STEP RIGHT</u></p> <p>Stjórnandi tekur eitt skref til hægri. Hundurinn fylgir stjórnanda. Þessi æfing er gerð eftir að komið er framhá skiltinu.</p>
	<p><u>402. SIDE STEP LEFT</u></p> <p>Stjórnandi tekur eitt skref til vinstri. Hundurinn fylgir stjórnanda.</p>
	<p><u>403. TURN APART</u></p> <p>Á meðan teymið gengur áfram taka hundur og stjórnandi þrönga 180° beygju samtímis í átt frá hvort öðru og halda áfram í gagnstæðar áttir. Hælstaða er breytt.</p>
	<p><u>404. SIDE SHIFT IN FRONT</u></p> <p>Meðan teymið gengur áfram skiptir hundurinn um hlið fyrir framan stjórnanda og fer í hælstöðu á hinni hliðinni. Hundurinn má ekki snúa sér á meðan hann færir sig.</p>
	<p><u>405. CIRCLE AROUND HANDLER</u></p> <p>Meðan teymið gengur áfram fer hundurinn í hring um stjórnanda, fram fyrir og aftur í hælstöðu.</p>
	<p><u>406. MOVING SIT - WALK FORWARD</u></p> <p>Meðan teymið gengur áfram er hundinum vísað í sitjandi stöðu og stjórnandi gengur áfram að næsta skilti, sem er „innkall“.</p>
	<p><u>407. STOP - SEND AWAY - STAND</u></p> <p>Teymið stoppar, snýr að keilu og hundurinn sest. Stjórnandi sendir hundinn í standandi stöðu við keiluna sem er í 4 – 5 metra fjarlægð. Hundurinn heldur standandi stöðu og stjórnandi gengur áfram að næsta skilti, sem er „innkall“.</p>
	<p><u>408. CALL FRONT – STAND - BACK AWAY - STAND</u></p> <p>Meðan teymið gengur áfram er hundinum vísað í standandi stöðu fyrir framan stjórnanda. Síðan er hundurinn látinn bakka að minnsta kosti þrjár hundslengdir frá stjórnanda og standa. Stjórnandi gengur fram að hundinum og kallar hundinn að vinstri hlið.</p>

	<p><u>409. BACKWARDS 3 STEPS</u></p> <p>Meðan teymið gengur áfram tekur stjórnandi að minnsta kosti þrjú skref afturábak með hundinn við hæl sem bakkar við hlið hans. Þegar æfingu er lokið heldur teymið áfram.</p>
	<p><u>410. STOP – 1 STEP BACK STOP – 2 STEPS BACK STOP</u></p> <p>Stjórnandi stoppar og hundurinn sest við hlið hans. Stjórnandi tekur eitt skref afturábak og stoppar, tvö skref afturábak og stoppar. Hundurinn er við hæl og bakkar með stjórnanda og sest þegar stjórnandi stoppar. Þegar æfingu er lokið heldur teymið áfram.</p>
	<p><u>411. STOP – RECALL OVER JUMP</u></p> <p>Stjórnandi stoppar við hlið skiltis sem er staðsett tvo metra fyrir framan hindrun og hundurinn sest við hlið hans. Stjórnandi gengur fram við hlið hindrunarinnar og kallar á hundinn í hælstöðu, að sömu hlið og áður, eftir að hundurinn hoppar yfir hindrunina.</p>